

Ársfundur 2008

Skýrsla deildarforseta tónlistardeilar á ársfundi Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

- starfsárið 2007 – 3008

1. FYRIRKOMULAG NÁMS OG KENNSLUHÆTTIR

Skólaárið 2007-2008 stunduðu 70 nemendur nám við tónlistardeild, en 2 voru í hléi. Kennt var á fjórum brautum, hljóðfæra- og söngbraut, tónlistarkennslubraut – en sú braut er hugsuð sem almennt tónlistarnám þar sem stefna deildarinnar að orðið “kennsla” nái ekki eingöngu yfir það að kenna í hinum ýmsu skólum, heldur er um miklu víðtækari merkingu orðsins að ræða, miðlun á tónlist í sem víðasta samhengi og við hinar fjölbreyttustu aðstæður. Tónsmíðabrautsem skiptist í 5 línur, almennar tónsmíðar, nýmiðla, upptökutækni, kvikmyndatónsmíðar og sviðstónsmíðar. Stunduðu nemendur nám á öllum þessum línunum, og að lokum diplómabraut, fyrir hljóðfæraleikara sem komnir eru á háskólastig í tónlistarnáminu en stunda enn nám í framhaldsskóla.

Námskeið á haustönn voru skráð 140, en 156 á vorönn.

Hlutfall milli karla og kvenna var nálægt 50%, karlar 53% og konur 47%. Karlar í meirihluta á tónsmíðalínunum, konur í hljóðfæraleik, nema í píanó- og gítarnámi.

Tímamótasamkomulag náðist við Tónskóla Þjóðkirkjunnar um sameiginlegan rekstur á námi í kirkjutónlist. Sjá þeir um þriðjung námskins, þau fög er beint snúa að kirkjunni og eru skilgreind af henni. Voru 2 nemendur teknir inn á þessa nýju braut s.l. vor.

Einnig hófst meistaránám í tónsmíðum við tónlistardeild, og hófu 3 nemendur meistaránám í haust. Er það einstaklingsmiðað nám, nemendur teknir inn m.a. ágrundvelli námstillögu eða “personal pathway” sem þeir hyggjast fylgja og vinna jafnframt rannsóknarverkefni. Í haust höfum við einnig verið að “pilota” námskeið sem tilheyrir European Joint Music Masters sem LHÍ er aðili að ásamt Prins Claus tónlistarháskólanum í Groningen, Tónlistarháskólanum í Den Haag, Guildhall Schooll of Music and Drama og tónlistarháskólanum í Jyvaskyla. Þetta nám hefur hlotið nafnið “Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf”.

23 nemendur útskrifuðust, en útskriftarágangurinn var sérlega glæsilegur, og tónleikar mjög metnaðarfullir. 10 útskrifuðust í tónsmíðum, 1 í tónlistarkennslu og 12 í hljóðfæraleik eða söng, þar af voru 3 diplómaútskriftir.

2. KENNARAR OG STARFSFÓLK

Skólaárið 2007 – 2008 voru 47 kennarar starfandi við Tónlistardeild, allt frá stundakennurum með örfáar stundir upp í kennara í fullum stöðum. Fastir kennarar voru 13. Fagstjórar voru Peter Maté í píanóleik og Elísabet Erlingsdóttir í söng og 3 kennarar voru í föstum háskólastörfumstörfum, Árni Heimir Ingólfsson dósent í tónlistarfræðum fór í leyfi um áramót, Gunnar Kvaran prófessor í strengjaleik og kammertónlist, og Kjartan Ólafsson prófessor í tónsmíðum og tónfræðum.

Tæknistjóri deildarinnar er: Sveinn Kjartansson

Deildarfulltrúi Sóley Björt Guðmundsdóttir

Albert Eiríksson er andlit og þjónustufulltrúi beggja deilda.

3. SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Fyrirferðamestu viðburðir í starfsemi deildarinnar eru útskriftartónleikarnir en þeir voru 19 talsins og endurspegluðu svo sannarlega mikla grósku, fjölbreytni náms og námsframboðs tónlistardeilda. Flestir tónleikarnir fóru fram í Salnum í Kópavogi, en Langholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Iðnó voru líka notuð. Tónlistarkennsluverkefnið var í samvinnu við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði og tókst mjög vel. Við erum komin með allstórt net samstarfsaðila fyrir tónlistarkennsluverkefnin, m.a. námskeiðið “Tónlist samfélag og nám”, og er nemendum okkar alltaf mjög vel tekið. Í sumum tilfellum hafa þau verið ráðin strax að loknu námi til þessara stofnana

Fjölmarginir fyrirlestrar, og styttri námskeið voru haldin, en einna fyrirferðarmest í byrjun skólaárs var samstarf við Tónskáldafélag Íslands um fyrirlestra og tónleikahald í tengslum við Norræna Músíkdaga. Masterklassar og fyrirlestrar urðu 86, þar af voru 33 með erlendum og innlendum gestum. Við njótum góðs af bæði Erasmus og Nordplus styrkjakerfunum í því sambandi. Opinberir tónleikar urðu 57, en fjölmarginir hádegistónleikar voru þar að auki haldnir.

Tónleikar Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir yfirskriftinni “Ungir einleikarar” voru haldnir 10.janúar. Fram komu frá LHÍ Arngunnur Árnadóttir klarinettuleikar, Joaquin Páll Palomares fiðluleikari og Hákon Bjarnason píanóleikari en auk þeirra Theresa Bokany fiðluleikari, nemandi við Tónlistarháskólann í München.

Sólistakeppnin 2008 fór fram í Salnum í Kópavogi þann 21.9. s.l., og komust 2 nemendur í verðlaunasæti, Hulda Jónsdóttir fiðluleikari og Bjarni Frímann Bjarnason víóluleikari. Tónleikarnir verða í janúar n.k.

Í janúar endurtók tónlistardeildin námskeið í skaðandi tónlistarmiðlun í samstarfi við fangelsið á Litla Hrauni. Árangur af þessu námskeiði er mikill og reynsla fyrir alla þátttakendur er ótrúleg. Það er einlæg ósk okkar að hægt verði að halda þessu samstarfi áfram með framhaldsnámskeiðum.

Hljóðfæra- og söngnemendur tóku þátt í Óperustúdíói Íslensku óperunnar. Sýningin sem sett var var *Così fan tutte*. Vegna bankafallsins hefur óperunámskeiðið nú í vor verið slegið af – því miður.

Að venju fóru fyrsta árs nemendur viku námsferð, en vegna mikillar hækkunar á olíu var ákveðið að fara í Skálholt með hópinn. Paul Griffith og Gunnar Benediktsson leiddu námskeiðið.

Tónleikar strengjasveitar LHÍ undir stjórn Gunnars Kvaran voru í Seltjarnarneskirkju þann 2. Mars 2008. Þar var tónskáldið Þorkell Sigurbjörnsson heiðraður í tilefni af 70 ára afmæli hans, með flutningi á flautukonsertinum Columbinu, og Rut Berg flautunemandi tónlistardeildar lék glæsilegan einleik.

Strengjanemendur tóku ekki þátt í hljómsveitarnámskeiði Swedish National Orchestra Academy – SNOA veturinn 2007- 2008, en 2 nemendur eru nú nýkomnir frá Gautaborg, og er fullur vilji hjá háskólanum þar að halda samstarfinu um þetta hljómsveitarnámskeið áfram.

4. SAMSTARF

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali. Eins eru fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni í boði fyrir nemendur tveggja deilda. Millideildanámskeiðið “Samtal” mæltist yfirleitt vel fyrir í tónlistardeild, en annars árs tónsmíðanemendur tóku þátt í því.

Þegar hefur verið nefnt samstarfið við Tónskóla Þjóðkirkjunnar, Tónlistarháskólann í Gautaborg, Litla Hraun og samevrópska European Joint Music Masters for New Audiences and Innovative Practice. Ljóst er að við munum ekki taka nemendur inn í það nám í vor, eins og væntingar stóðu til, en því er fyrst og fremst ástandinu á krónunni að kenna. Er þetta miður, en það er einlægur vilji samstarfskólanna að LHÍ verði áfram aðili að þessu námi, og gefa okkur því tækifæri á að fresta inntöku um ár. Verður staðan metin að ári.

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskólaráðinu, AEC, og Norræna Tónlistarháskólaráðinu. Fjölmargir skiptisamningar hafa verið gerðir við bestu tónlistarháskóla álfunnar, og njótum við góðs af heimsóknum jafn sem að okkar kennarar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim. Þrír nemendur fóru utan í skiptináms og þrír komu til okkar og voru allt skólaárið.

5. AÐSTAÐA

Þröngt mega sáttir og allt það. Mikið hefur verið gert til að bæta aðstöðu okkar, og var m.a. tekið á leiku Skemmtihúsið við Laufásveg sem aðstaða fyrir meistaranemana okkar nú í haust.

6. STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Skólinn var stofnaður m.a. til að skapa umhverfi fyrir listir til að koma saman og þróa nýjar víddir ásamt því að þroska hverja grein fyrir sig. Vegna aðstöðunnar undanfarin ár, hefur ekki tekist sem skildi að skapa núning og samgang milli deilda, en góðu fréttirnar bárust og voru kynntar í sumar, þ.e. niðurstaða úr samkeppninni um nýjan Listaháskóla við Laugaveg. Mikil hamingja ríkir með þessa tillögu, og bjartsýni fylgdi þessum fréttum. Nú er bara að vona að sú bjartsýni og samhugur sem myndaðist náði að fleyta okkur yfir þennan dimma tíma sem fer í hönd.

Við að líta yfir starfsemi tónlistardeildar er tvennt augljóst. Í fyrsta lagi hin mikla gróska sem einkennir starf deildarinnar og fjölbreittni í námsframboði ásamt því hversu nemendur okkar hafa mismunandi bakgrunn og áhugasvið. Hins vegar er líka orðið áberandi að starfsemi deildarinnar markast af ákveðinni festu eða stöðugleika, sem er jákvætt en jafnframt varhugavert. Það er mikilvægt að stöðugleikinn stuðli ekki að stöðnun.

Meistaránám hefur verið nokkurs konar "leitmotif" þessara ársskýrsla undanfarin ár. Samkvæmt nýrri stefnuskrá skólans er áætlað að hefja meistaránám í öllum deildum og sameiginlega millideilda deiglu á næstu 3 – 5 árum. Nú er ljóst að þessi stefna mun að öllum líkindum ekki standast vegna ytri aðstæðna. Meistaránám er hafið í tónlistardeild, en til að það geti uppfyllt sýn skólans er mikilvægt að meistarnám í allavega einni annari deild fari í gang að ári. Þetta er lífsnauðsynleg þróun fyrir LHÍ. Meistaránámið í tónlistardeild er tónsmíðanám, sem er mjög í takt við þá þróun að mest er sótt í tónsmíðanámið. Hins vegar hafa á undanförunum vikum gerst þeir atburðir í kring um okkur, að við verðum að skoða og hugsanlega endurmeta hverjar okkar áherslur eru á námsframboði. Ég tel nú, að okkur beri skylda til að skoða vel hvaða nám annað hvort veitir starfsréttindi eða gefur nemendum þau praktísku tól sem auðvelda þeim að finna sér pláss á atvinnumarkaði. Við höfum haft þann lúxus, að geta sagt að það að auðga andann og efla ímyndunaraflið sé eitt besta veganestið út í lífið. Þetta er vissulega rétt, en þar að auki er ákveðinnar þjálfunar og þekkingar krafist á atvinnumarkaði, og ber okkur skylda til að veita kennslu á þeim sviðum. Ég fagna því innilega að nú er áformað að hefja meistaránám í listkennslu. En í því sambandi hefur komið upp á yfirborðið undanfarnar vikur að þörfin fyrir menntaða hljóðfæra- og söngkennara er yfirþyrmandi. Tónlistarskólar í landinu eru yfir 80 talsins, þar gætir manneklu og í mörgum tilfellum sjá erlendir farandkennarar um námið. Nú er lokið útgáfu á aðalnámskrá fyrir allt klassískt tónlistarnám að framhaldsstigsprófi, en væntanlegir kennarar fá hvergi á Íslandi þjálfun í mörgum þeim fögum sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá. Þar er sérstaklega átt við skapandi nám, tónsmíðar, tölvutækni og spuna auk almennrar tónlistarmiðlunar og samþættingar listgreina. Þetta er í takt við hugmyndafræði LHÍ, og má jafnvel líta svo á að við vinnum gegn þessu með að stuðla ekki að því að útskrifaðir nemendur héðan hafi þá færni að geta kennt og uppfyllt þessi skilyrði. Það hvílir þungt á okkur að reyna að mæta þessari þörf. Það er ósk allra hljóðfærakennara deildarinnar að hefja meistaránám í hljóðfæra- og söngkennslu eins fljótt og auðið er.

Samlegðarmöguleikarnir eru miklir, bæði við listkennsludeildina og og annað meistaranám LHÍ.